

UMSÖGN

Viðtakandi: Forsætisnefnd

Sendandi: Skrifstofa borgarstjóra og borgarritara

Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um móttökureglur

Á fundi forsætisnefndar 14. júní 2019 var lögð fram svohljóðandi fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins:

Við ákvörðun um opinbera móttöku segir í reglum að horfa skal til þess að tilefnið þjóni hagsmunum Reykjavíkurborgar og Reykvíkinga og/eða sé í samræmi við hlutverk Reykjavíkur sem höfuðborgar og í samræmi við samþykktu stefnumörkun, áherslur og forgangsörðun borgaryfirvalda. Þá skal horft til sjónarmiða um mannréttindi og samfélagslega ábyrgð við ákvörðun um opinbera móttöku. 3. gr. Borgarfulltrúi Flokks fólksins óskar eftir að fá upplýsingar um áætlaðan kostnað þessara viðburða/móttöku sem hér eru lögð fram og með hvaða hætti þær þjóna hagsmunum Reykjavíkur sem höfuðborgar sbr. reglur um móttökur. Um er að ræða: Höfða friðarsetur í samstarfi við Davis Center við Harvard háskóla; stjórnendur menningarhúsa í Skandinavíu og Kvennasmiðju. Eins er óskað eftir að betur sé gerð grein fyrir tilefninu. Í öllum tilfellum tekur Reykjavíkurborg á sig allan kostnað.

Með bréfi dagsettu 28. júní 2019 var fyrirspurnin send skrifstofu borgarstjóra og borgarritara til umsagnar.

Tilefni móttöku vegna Höfða friðarseturs í samstarfi við Davis Center við Harvard háskóla, er lok samningatækninámskeiðs Höfða friðarseturs Reykjavíkurborgar og Háskóla Íslands í samstarfi við Davis Center við Harvard háskóla sem haldið var í Reykjavík. Markmið námskeiðsins var að byggja upp þekkingu og getu á Íslandi til að vinna að markmiðum þjóðaröryggis- og utanríkisstefnu Íslands um friðsamlega lausn átaka. Áætlaður kostnaður 117.000 kr.

Tilefni móttöku vegna stjórnenda menningarhúsa í Skandinavíu er koma 40 manns frá 16 menningarhúsum í Skandinavíu til Reykjavíkur. Markmið heimsóknarinnar var að fulltrúar menningarhúsa á Íslandi, í Danmörku, Noregi og Svíþjóð deili reynslu sinni þannig að allir njóti góðs af. Haldnir voru sameiginlegir fyrirlestrar og fl. tengt menningarhúsum í tilefni heimsóknarinnar. Áætlaður kostnaður 155.058 kr.

Tilefni móttöku um kvennasmiðju er útskrift kvennasmiðjunnar sem er úrræði á vegum velferðarsviðs Reykjavíkurborgar. Um er að ræða 18 mánaða átaks- og endurhæfingarúrræði sem ætlað er mæðrum á aldrinum 25 til 45 ára, sem hafa verið atvinnulausar til lengri tíma eða eiga brotna atvinnu- og/eða námssögu. Markmið kvennasmiðjunnar er að bæta lífsgæði þátttakenda með valdeflingu. Í ár þótti sérstaklega við hæfi að gera útskriftinni hærra undir höfði þar sem hana bar upp á kvenréttindadag Íslands. Með því að gera málefnið hátt undir höfði á degi sem helgaður er kvenréttindum sýnir Reykjavíkurborg í verki að málefnið er tekið alvarlega. Áætlaður kostnaður 189.921 kr.

Fyrir hönd skrifstofu borgarstjóra og borgarritara

Dagný Ingadóttir